

Sp.

386. Tillaga til þingsályktunar

um öryggi umferðar yfir Ölfusárbrúna.

Frá Sveinbirni Högnasyni.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að tilnefna þrjá sérfróða menn í nefnd til að athuga burðarmagn Ölfusárbrúar nú, eftir að viðgerð hefur farið fram á henni, og ákveða í samræmi við það hámarksþunga, sem flytja megi hvert sinn yfir á henni. Reynist burðarmagn brúarinnar ekki nægilegt til, að ákveða megi hámarkið 8—10 smálestir, skulu þessir þrír sérfróðu menn gera tillögur um, hvað gera þurfi til styrktar brúnni, til að hún þoli slíkt álag.

Greinargerð.

Viðgerð á Ölfusárbrú hefur nú farið fram og brúin aftur tekin til notkunar. Er það allra mál, að vel hafi tekizt til um aðgerð þessa, og brúin jafnvel af sumum talin styrkari en hún hefur áður verið. En hvað sem því líður, hefur vegamálastjóri nú ákveðið, að hámarksálag á brúna skuli vera aðeins 6 smálestir. Er þetta vitanlega mikil bót frá því að vera brúarlaus, en þó er það hvergi nærri fullnægjandi og veldur miklum erfiðleikum og auknum kostnaði þeim, sem annast eiga þungaflutninga á þessari fjölförnu leið. Bifreiðar frá flestum, sem flutninga annast úr héruðum austan Ölfusár, eru nú fullfermdar allmiklu þyngri en 6 smálestir. Er því ekki um annað að ræða, ef þetta hámark á að gilda, en hafa bifreiðarnar ekki fullhlaðnar eða léttá á farminum yfir brúna og flytja hann í tvennu lagi. Hvorugur er þessi kostur góður og gerir flutninga að mun dýrari en ella. Sérstaklega er þetta óþægilegt fyrir þá, sem flytja úr fjarlægari héruðum austan brúarinnar. Hafa þeir engan mannafla við Ölfusá til að selflytja farminn, og tilfínnanlegast er þeim að geta e. t. v. ekki nema hálfhlaðið bifreiðarnar, þar sem um svo langan veg er að flytja.

Ekki er vítað, á hverju vegamálastjóri byggir hámark það, sem nú hefur verið sett, og má vel vera, að fyllri athugun leiddi í ljós, að ástæðulaust væri að setja það svo lágt sem gert er. Sé það hins vegar miðað við raunverulegt burðarmagn brúarinnar nú, er full ástæða til að athuga nú þegar af færum mönnum, hvort ekki sé hægt með tiltölulega léttu móti að styrkja brúna enn frá því, sem nú er, svo að hún geti þolað alla venjulega flutningaumferð, eins og áður var, og mun þá hámarkið verða að miðast við a. m. k. 8—10 smálestir.